

Sþ.

29. Tillaga til þingsályktunar

[29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda alþjóðasamning um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum, sem gerður var á 28. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 14. desember 1973, og prentaður er með tillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna var á sínum tíma falið að fjalla um þau vandamál sem risið hafa undanfarin ár vegna tíðra afbrota gegn erlendum sendiráðum og fulltrúum erlendra ríkja, og hamlað hafa gegn eðlilegum viðgangi og eflingu vinsamlegra samskipta milli þjóða. Nefndin samdi samningstexta, sem samþykktur var á 28. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 14. desember 1973. Markmið samningsins er að spyrna gegn þeirri þróun sem orðið hefur í þessum efnum og var hann undirritaður af Íslands hálfu hinn 10. mars 1974. 45 ríki hafa undirritað samninginn, þar af hafa 17 ríki þegar fullgilt hann, þ. á m. Danmörk og Svíþjóð.

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að tuttugu og tvö ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

Óskað var áliðs hegningarlaganefndar á því, hvort breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að unnt væri að fullgilda milliríkjasamning þennan. Nefndin taldi ekki þörf annarra lagabreytinga en þeirrar, að bætt yrði ákvæði við 6. gr. alm. hegningarlaga til þess að rýmka um refsilögsögu Íslands, svo að hún tæki með vissu til brota og brotamanna, sem samningurinn fjallar um. Þá breytingu samþykkti síðasta Alþingi sbr. lög nr. 24 frá 6. maí 1976.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR

**um varnarráðstafanir og refsingar
vegna glæpa gegn einstaklingum
er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m.
sendierindrekum.**

**Ríki þau sem gerst hafa aðilar að samningi þessum,
hafa í huga markmið og grundvallarreglur
sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi
varðveislu heimsfriðar og eflingar vinsamlegra
samskipta og samvinnu ríkja á milli,**

CONVENTION

**on the Prevention and Punishment
of Crimes against Internationally
Protected Persons, including
Diplomatic Agents.**

The States Parties to this Convention,

Having in mind the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and the promotion of friendly relations and co-operation among States,

líta svo á að þeir glæpir gegn sendi-
erindrekum og þeim einstaklingum öðr-
um er að njóta alþjóðlegrar verndar, sem
stofna öryggi slíkra einstaklinga í hættu
feli í sér alvarlega ógnun við viðgang
eðlilegra alþjóðasamskipta, sem nauðsyn-
leg eru samvinnu ríkja,

telja framning slíkra glæpa vera alvar-
legt áhyggjuefni hinu alþjóðlega samfél-
agi,

eru sannfærð um að brýna nauðsyn
beri til viðeigandi áhrifaríkra varnarráð-
stafana gegn og refsingu fyrir slíka glæpi,

hafa orðið ásátt um það sem hér fer
á eftir:

1. grein

Í samningi þessum merkir:

1. „einstaklingur er nýtur alþjóðlegrar
verndar“:
 - a) þjóðhöfðingi, þar með talinn sér-
hver í hópi þeirra manna, sem
sameiginlega gegna störfum þjóð-
höfðingja samkvæmt stjórnar-
skrá viðkomandi ríkis, forsætis-
ráðherra eða utanríkisráðherra,
hvenær sem slíkur einstaklingur
er staddur í erlendu ríki, svo og
sá úr fjölskyldu hans sem kann
að vera í fylgd með honum;
 - b) sérhver fulltrúi eða embættismað-
ur ríkis, eða sérhver embættis-
maður eða annar starfsmaður al-
þjóðastofnunar er ríkisstjórnir
eiga aðild að, sem hvenær og hvar
sem glæpur kann að vera fram-
inn gegn honum, opinberum
vinnustað hans, einkadvalarstað
hans eða farartæki hans á sam-
kvæmt ákvæðum þjóðarréttar rétt
á sérstakri vernd gegn hvers kon-
ar árás á hans eigin persónu,
frelsi hans eða virðingu, svo og
þeir úr fjölskyldu hans sem telj-
ast til heimilis hans;
2. „meintur brotamaður“ merkir þann
einstakling sem svo er ástátt um, að
nægilegar sannanir eru til þess að
ákvarða þegar í stað án frekari rann-
sóknar (*prima facie*) að hann hafi
framið eða átt hlutdeild í að fremja
einn eða fleiri þeirra glæpa, sem
greindir eru í 2. grein.

Considering that crimes against diplo-
matic agents and other internationally
protected persons jeopardizing the safety
of these persons create a serious threat
to the maintenance of normal internation-
al relations which are necessary for co-
operation among States,

Believing that the commission of such
crimes is a matter of grave concern to
the international community,

Convinced that there is an urgent need
to adopt appropriate and effective meas-
ures for the prevention and punishment
of such crimes,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. “internationally protected person”
means:
 - a) a Head of State, including any
member of a collegial body per-
forming the functions of a Head
of State under the constitution of
the State concerned, a Head of
Government or a Minister for
Foreign Affairs, whenever any
such person is in a foreign State,
as well as members of his family
who accompany him;
 - b) any representative or official of
a State or any official or other
agent of an international organi-
zation of an intergovernmental
character who, at the time when
and in the place where a crime
against him, his official premises,
his private accommodation or his
means of transport is committed,
is entitled pursuant to internation-
al law to special protection from
any attack on his person, freedom
or dignity, as well as members
of his family forming part of his
household;
2. “alleged offender” means a person
as to whom there is sufficient evi-
dence to determine *prima facie* that
he has committed or participated in
one or more of the crimes set forth
in article 2.

2. grein.

1. Af hálfu allra samningsríkja skal sérhver sá ásetningsverknaður sem hér er talinn teljast glæpur samkvæmt landslögum:
 - a) morð, mannrán eða önnur árás gegn persónu eða frelsi einstaklings er nýtur alþjóðlegrar verndar;
 - b) ofbeldisárás gegn opinberum vinnustað, einkadvalarstað eða farartæki einstaklings er nýtur alþjóðlegrar verndar ef líklegt er að slík árás stofni persónu hans eða frelsi í hættu;
 - c) hótun um að fremja einhvern slíkan verknað;
 - d) tilraun til þess að fremja einhvern slíkan verknað;
 - e) verknaður er felur í sér hlutdeild í einhverri slíkri árás.
2. Sérhvert samningsríki skal lýsa slíka glæpi refsiverða og mæla fyrir um hæfilegar refsingar með tilliti til hins alvarlega eðlis þeirra.
3. Ákvæði 1. og 2. málsgreinar þessarar greinar draga á engan hátt úr þeim skyldum sem samkvæmt þjóðarétti hvíla á samningsríkjum að gera allar tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir aðrar árásir á persónu, frelsi eða virðingu einstaklings er nýtur alþjóðlegrar verndar.

3. grein

1. Sérhvert samningsríki skal gera þær ráðstafanir er nauðsynlegar mega teljast til þess að tryggja meðferð lögsögu af þess hálfu varðandi glæpi þá sem ákvæði 2. greinar taka til í þeim tilvikum er nú skal greina:
 - a) þegar glæpurinn er framinn á landssvæði þessa ríkis eða um borði í loftfari eða skipi sem skrásett er í ríkinu;
 - b) þegar hinn meinti brotamaður er ríkisborgari þessa ríkis;
 - c) þegar glæpurinn er framinn gegn einstaklingi er nýtur alþjóðlegrar verndar samkvæmt ákvæðum 1.

Article 2

1. The international commission of:
 - a) a murder, kidnapping or other attack upon the person or liberty of an internationally protected person;
 - b) a violent attack upon the official premises, the private accommodation or the means of transport of an internationally protected person likely to endanger his person or liberty;
 - c) a threat to commit any such attack;
 - d) an attempt to commit any such attack; and
 - e) an act constituting participation as an accomplice in any such attack shall be made by each State Party a crime under its internal law.
2. Each State Party shall make these crimes punishable by appropriate penalties which take into account their grave nature.
3. Paragraphs 1 and 2 of this article in no way derogate from the obligations of States Parties under international law to take all appropriate measures to prevent other attacks on the person, freedom or dignity of an internationally protected person.

Article 3

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the crimes set forth in article 2 in the following cases:
 - a) when the crime is committed in the territory of that State or on board a ship or aircraft registered in that State;
 - b) when the alleged offender is a national of that State;
 - c) when the crime is committed against an internationally protected person as defined in article

greinar og nýtur réttarins sakir starfa er hann gegnir í nafni þessa ríkis.

2. Sérhvert samningsríki skal á sama hátt gera þær ráðstafanir er teljast mega nauðsynlegar til þess að tryggja meðferð lögsögu af þess hálfu varðandi slíka glæpi í þeim tilvikum þar sem hinn meinti brotamaður er staddur á landssvæði þess og það framselur hann ekki samkvæmt ákvæðum 8. greinar til einhvers þess ríkis sem talið er í 1. málsgrein þessarar greinar.
3. Ákvæði samnings þessa koma ekki á neinn hátt í veg fyrir meðferð refsilögsögu samkvæmt landslögum.

4. grein

Samningsríki skulu vinna saman að því að koma í veg fyrir glæpi þá sem taldir eru í 2. grein, einkum með því að:

- a) gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að hindra að unnið sé á landsvæði þeirra að undirbúningi slíkra glæpa hvort sem hugsað er til þess að fremja þá á þeirra eigin landsvæði eða utan þess;
- b) skiptast á upplýsingum og samræma stjórnsýsluáðgerðir og eftir atvikum aðrar áðgerðir til þess að koma í veg fyrir að slíkir glæpir verði framdir.

5. gr.

1. Hafi einhver þeirra glæpa sem kveðið er á um í 2. grein verið framið í samningsríki skal það, ef ætla má að meintur brotamaður hafi flúið af yfirráðasvæði þess, tilkynna öllum öðrum ríkjum sem hlut eiga að máli, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, allar staðreyndir er máli skipta varðandi glæp þann sem framið hefur verið ásamt öllum fyrirbyggjandi upplýsingum um hver hinn meinti brotamaður sé.
2. Hvenær sem framinn hefur verið einhver sá glæpur sem ákvæði 2. greinar taka til gegn einstaklingi er nýtur alþjóðlegrar verndar þá skal sérhvert það samningsríki sem býr yfir upp-

1 who enjoys his status as such by virtue of functions which he exercises on behalf of that State.

2. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over these crimes in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him pursuant to article 8 to any of the States mentioned in paragraph 1 of this article.
3. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with internal law.

Article 4

States Parties shall co-operate in the prevention of the crimes set forth in article 2, particularly by:

- a) taking all practicable measures to prevent preparations in their respective territories for the commission of those crimes within or outside their territories;
- b) exchanging information and co-ordinating the taking of administrative and other measures as appropriate to prevent the commission of those crimes.

Article 5

1. The State Party in which any of the crimes set forth in article 2 has been committed shall, if it has reason to believe that an alleged offender has fled from its territory, communicate to all other States concerned, directly or through the Secretary-General of the United Nations, all the pertinent facts regarding the crime committed and all available information regarding the identity of the alleged offender.
2. Whenever any of the crimes set forth in article 2 has been committed against an internationally protected person, any State Party which has information concerning the Victim

lýsingum er lúta að þeim, sem glæpur beindist gegn, eða atvikum sem verknadinn varða leitast við að senda þær áfram í samræmi við landslög sín án tafar og sem ítarlegastar til þess ríkis sem hlutaðeigandi einstaklingur gegndi skyldustörfum fyrir.

6. gr.

1. Eftir að hafa gengið úr skugga um að málsatvik réttlæti slíkt, skal samningsríki þar sem meintur brotamaður er staddur, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við eigin lög til þess að tryggja nærveru hans vegna saksóknar eða framsals. Tilkynna skal slíkar ráðstafanir án tafar, annaðhvort beint eða með milligöngu aðalfrankvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til:
 - a) ríkis þess þar sem glæpurinn var framinn;
 - b) ríkis þess eða ríkja þar sem hinn meinti brotamaður á ríkisfang eða, sé hann ríkisfangslaus, þess ríkis þar sem hann hefur fasta búsetu;
 - c) ríkis þess eða ríkja þar sem viðkomandi einstaklingur er nýtur alþjóðlegrar verndar á ríkisfang eða þess ríkis sem hann gegndi skyldustörfum fyrir;
 - d) allra annarra ríkja sem hlut eiga að máli. og
 - e) þeirrar alþjóðastofnunar sem viðkomandi einstaklingur er nýtur alþjóðlegrar verndar og í hlut á starfar hjá eða er fulltrúi fyrir.
2. Sérhver sá einstaklingur, er ráðstafanir sem kveðið er á um í 1. málsgrein þessarar greinar beinast gegn, skal hafa rétt til þess:
 - a) að hafa án tafar samband við næsta þar til bærán fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisfang eða sem á annan hátt er heimilt að vernda réttindi hans eða, sé hann ríkisfangslaus, fulltrúa þess ríkis sem hann æskir og reiðubúið er til þess að vernda réttindi hans; og
 - b) að fá fulltrúa þess ríkis í heimsókn.

and the circumstances of the crime shall endeavour to transmit it, under the conditions provided for in its internal law, fully and promptly to the State Party on whose behalf he was exercising his functions.

Article 6

1. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the alleged offender is present shall take the appropriate measures under its internal law so as to ensure his presence for the purpose of prosecution or extradition. Such measures shall be notified without delay directly or through the Secretary-General of the United Nations to:
 - a) the State where the crime was committed;
 - b) the State or States of which the alleged offender is a national or, if he is a stateless person, in whose territory he permanently resides;
 - c) the State or States of which the internationally protected person concerned is a national or on whose behalf he was exercising his functions.
 - d) all other States concerned; and
 - e) the international organization of which the internationally protected person concerned is an official or an agent.
2. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 1 of this article are being taken shall be entitled:
 - a) to communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which he is a national or which is otherwise entitled to protect his rights or, if he is a stateless person, which he requests and which is willing to protect his rights; and
 - b) to be visited by a representative of that State.

7. gr.

Samningsríki sem meintur brotamaður er staddur í skal, svo framarlega sem það framselur hann ekki, án nokkurrar undantekningar og án óeðlilegrar tafar, vísa málinu til viðeigandi yfirvalda sinna til saksóknar og meðferðar að lögum þess ríkis.

8. gr.

1. Að svo miklu leyti sem glæpa þeirra sem kveðið er á um í 2. grein er ekki getið sem framsalshæfra afbrota í gildandi framsalssamningum milli samningsríkja þá skulu þeir teljast til slíkra afbrota. Samningsríkin takast á hendur að lýsa slíka glæpi framsalshæf afbrot í sérhverjum framsalssamningi sem þau kunna að gera með sér hér eftir.
2. Ef samningsríki sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að samningur sé í gildi þar að lútandi og því berst beiðni um slíkt framsal frá öðru samningsríki sem það hefur ekki gert við samning um framsal þá getur það, ef það ákveður framsal, litið á þennan samning sem lagagrundvöll fyrir framsali að því er tekur til slíkra glæpa. Framsal skal háð þeirri formlegu málsmeðferð og þeim skilyrðum öðrum er lög þess lands er beiðnina fær kveða á um.
3. Samningsríki þau, sem ekki gera það að skilyrði fyrir framsali að samningur sé í gildi þar að lútandi, skulu sín í milli viðurkenna að slíkir glæpir heyri til afbrota er framsal liggur við og skal það háð þeirri formlegu málsmeðferð og þeim skilyrðum öðrum er lög þess lands er beiðnina fær kveða á um.
4. Fara skal með sérhvern þann glæp er hér um ræðir, að því er tekur til framsals milli samningsríkjanna, á þann hátt sem hann hafi ekki einungis gerst á þeim stað þar sem hann var framinn heldur og á landsvæði þeirra ríkja er samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar 3. greinar ber skylda til þess að tryggja meðferð lögsögu af þess hálfu.

Article 7

The State Party in whose territory the alleged offender is present shall, if it does not extradite him, submit, without exception whatsoever and without undue delay, the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State.

Article 8

1. To the extent that the crimes set forth in article 2 are not listed as extraditable offences in any extradition treaty existing between States Parties, they shall be deemed to be included as such therein. States Parties undertake to include those crimes as extraditable offences in every future extradition treaty to be concluded between them.
2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, it may, if it decides to extradite, consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of those crimes. Extradition shall be subject to the procedural provisions and the other conditions of the law of the requested State.
3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize those crimes as extraditable offences between themselves subject to the procedural provisions and the other conditions of the law of the requested State.
4. Each of the crimes shall be treated, for the purpose of extradition between States Parties, as if it had been committed not only in the place in which it occurred but also in the territories of the States required to establish their jurisdiction in accordance with paragraph 1 of article 3.

9. gr.

Sérhverjum þeim einstaklingi, sem málsmeðferð er beint gegn vegna einhvers þeirra glæpa sem kveðið er á um í 2. grein, skal tryggð réttlát meðferð á öllum stigum málsins.

10. gr.

1. Samningsríki skulu veita hvert öðru alla hugsanlega aðstoð í sambandi við meðferð refsímáls er höfðað hefur verið vegna þeirra glæpa sem kveðið er á um í 2. grein, þar á meðal láta í té hverjar þær sannanir er þau kunna að hafa í sínum fórum og nauðsynlegar eru fyrir meðferð málsins.
2. Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar varðandi gagnkvæma aðstoð á sviði réttarfars sem kunna að felast í öðrum samningum.

11. gr.

Samningsríki þar sem mál er höfðað gegn meintum brotamannti skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endanlega málsniðurstöðu, en hann skal síðan senda þær upplýsingar áfram til allra annarra samningsríkja.

12. gr.

Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á framkvæmd sáttmála um griðastað sem í gildi eru við samþykkt þessa samnings milli ríkja þeirra sem aðild eiga að þeim sáttmálum. Hins vegar má ríki sem á aðild að þessum samningi ekki bera fyrir sig ákvæði þeirra sáttmála gagnvart öðru ríki sem aðild á að þessum samningi en ekki sáttmálanum.

13. gr.

1. Sérhver deila, sem kann að koma upp milli tveggja eða fleiri samningsríkja varðandi túlkun eða beitingu á ákvæðum hans, og ekki verður leyst með samningaumleitunum, skal ef aðili óskar lögð í gerð. Ef deiluaðilar hafa ekki innan sex mánaða frá dag-

Article 9

Any person regarding whom proceedings are being carried out in connexion with any of the crimes set forth in article 2 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings.

Article 10

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connexion with criminal proceedings brought in respect of the crimes set forth in article 2, including the supply of all evidence at their disposal necessary for the proceedings.
2. The provisions of paragraph 1 of this article shall not affect obligations concerning mutual judicial assistance embodied in any other treaty.

Article 11

The State Party where an alleged offender is prosecuted shall communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit the information to the other States Parties.

Article 12

The provisions of this Convention shall not affect the application of the Treaties on Asylum, in force at the date of the adoption of this Convention, as between the States which are parties to those Treaties; but a State Party to this Convention may not invoke those Treaties with respect to another State Party to this Convention which is not a party to those Treaties.

Article 13

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which is not settled by negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If within six months from the date

setningu beiðnar um gerðardóm getað komið sér saman um skipun gerðardómsins getur hvor þeirra sem er skotið málinu til Alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við ákvæði samþykktá dómstólsins.

2. Sérhvert samningsríki getur við undirritun eða fullgildingu samningsins eða síðari aðild að honum lýst yfir því, að það telji sig óbundið af ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar. Önnur samningsríki skulu eigi bundin af ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar gagnvart ríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
3. Sérhvert samningsríki sem gert hefur fyrirvara í samræmi við 2. málsgrein þessarar greinar getur hvenær sem er afturkallað slíkan fyrirvara með því að senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna tilkynningu þess efnis.

14. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til undirritunar fram til 31. desember 1974.

15. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingu. Fullgildingarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

16. gr.

Sérhverju ríki skal heimilt að gerast síðar aðili að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

17. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á þrítugasta degi frá þeim degi talið er tuttugu og tvö ríki hafa afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu fullgildingar- eða aðildarskjöl sín.
2. Að því er tekur til sérhvers þess ríkis sem fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að tuttugu

of the request for arbitration the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of the Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State Party may at the time of signature or ratification of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by paragraph 1 of this article. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 of this article with respect to any State Party which has made such a reservation.
3. Any State Party which has made a reservation in accordance with paragraph 2 of this article may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 14

This Convention shall be open for signature by all States, until 31 December 1974 at United Nations Headquarters in New York.

Article 15

This Convention is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 16

This Convention shall remain open for accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 17

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession with the Secretary-General of the United Nations.
2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of

og tvö ríki hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín til vörslu skal samningurinn öðlast gildi á þritugasta degi eftir að það ríki afhenti fullgildingar- eða aðildarskjal sitt.

18. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
2. Slík uppsögn skal taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna barst í hendur tilkynning um uppsögnina.

19. grein

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal meðal annars tilkynna öllum ríkjum:

- a) undirritanir undir þennan samning, afhendingar fullgildingar- eða aðildarskjala samkvæmt ákvæðum 14., 15. og 16. greinar, og tilkynningar samkvæmt 18. grein;
- b) gildistökudag samnings þessa í samræmi við ákvæði 17. greinar.

20. grein

Frumrit samnings þessa sem gerður er á ensku, frönsku, kínversku, spönsku og rússnesku með jafngildum textum skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna varðveita og skal hann senda öllum ríkjum staðfest eftirrit af því.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hefur verið veitt fullt umboð af hálfu ríkisstjórna sinna ritað nöfn sín undir samning þennan sem lagður var fram til undirritunar í New York 14. dag desembermánaðar 1973.

ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 18

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations.
2. Denunciation shall take effect six months following the date on which notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

Article 19

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States, *inter alia*:

- a) of signatures to this Convention, of the deposit of instruments of ratification or accession in accordance with articles 14, 15 and 16 of notifications made under article 18.
- b) of the date on which this Convention will enter into force in accordance with article 17.

Article 20

The original of this Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention, opened for signature at New York on 14 December 1973.

Fylgiskjal II.

Ályktun allsherjarþings Sameinuðu
þjóðanna nr. 3166 (XXVIII) frá
14. desember 1973:

SAMNINGUR

um varnarráðstafanir og refsingar vegna
glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóð-
legrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna

álitur að hálkun og framþróun þjóð-
réttar stuðli að framkvæmd þeirra mark-
miða og grundvallarreglna sem kveðið er
á um í 1. og 2. grein sáttmála Sameinuðu
þjóðanna,

minnir á að samkvæmt ósk þeirri sem
fram kemur í ályktun allsherjarþingsins
nr. 2780 (XXVI) frá 3. desember 1971 hef-
ur þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna
á 24. fundi sínum kynnt sér atriði er lúta
að vernd og friðhelgi sendierindreka og
þeirra einstaklinga annarra er samkvæmt
ákvæðum þjóðaréttar eiga að njóta sér-
stakrar verndar og gert tillögu að samn-
ingi um varnarráðstafanir og refsingar
vegna glæpa gegn slíkum einstaklingum,

hefur hugleitt tillöguna að samningi og
sömuleiðis þær athugasemdir og skýring-
ar er borist hafa frá einstökum ríkjum
og sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna,
svo og frá öðrum milliríkjastofnunum
samkvæmt boði þar að lútandi í ályktun
allsherjarþingsins nr. 2926 (XXVIII) frá
28. nóvember 1972,

er sannfært um nauðsyn þess að gerður
verði alþjóðasamningur er feli í sér hæfi-
legar og raunhæfar varnarráðstafanir og
refsingar vegna glæpa gegn einstakling-
um er njóta alþjóðlegrar verndar þ. á m.
sendierindrekum þegar á það er litið hve
alvarlega ógnun við viðgang og eflingu

Resolution no. 3166 (XXVIII) adopted
by the General Assembly of the United
Nations on December 14, 1973.

CONVENTION

on the Prevention and Punishment
of Crimes against Internationally
Protected Persons, including
Diplomatic Agents.

The General Assembly,

Considering that the codification and
progressive development of international
law contributes to the implementation of
the purposes and principles set forth in
Articles 1 and 2 of the Charter of the
United Nations,

Recalling that in response to the request
made in General Assembly resolution 2780
(XXVI) of 3 December 1971, the Inter-
national Law Commission, at its twenty-
fourth session, studied the question of
the protection and inviolability of diplo-
matic agents and other persons entitled to
special protection under international law
and prepared draft articles on the pre-
vention and punishment of crimes against
such persons,

Having considered the draft article and
also the comments and observations there-
on submitted by States and by specialized
agencies and intergovernmental organi-
zations in response to the invitation made
in General Assembly resolution 2926
(XXVII) of 28 November 1972,

Convinced of the importance of secur-
ing international agreement on appro-
priate and effective measures for the pre-
vention and punishment of crimes against
diplomatic agents and other internatio-
nally protected persons in view of the
serious threat to the maintenance and

vinsamlegra samskipta og samvinnu þjóða í milli slíkt athæfi felur í sér,

hefur með þetta í huga undirbúið gaumgæfilega ákvæðin í samningi þeim sem hér fer á eftir,

1. samþykkir samning þann um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum, er fylgir þessari ályktun;
2. leggur enn á ný ríka áherslu á mikilvægi þjóðréttarreglna um friðhelgi og sérstaka vernd til handa þeim einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar og þær skyldur sem ríkjum eru lagðar á herðar í því sambandi;
3. lítur svo á að meðfylgjandi samningur muni gera ríkjum kleift að standa betur en ella við skuldbindingar sínar;
4. viðurkennir einnig að ákvæði meðfylgjandi samnings gætu á engan hátt skert beitingu löglegs réttar til sjálfsákvörðunar og sjálfstæðis í samræmi við markmið og grundvallarreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og yfirlýsingu um grundvallarreglur þjóðaréttar varðandi vinsamleg samskipti og samvinnu ríkja í milli samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna af hálfu þjóða sem berjast gegn nýlendustefnu, framandi yfirstjórn, erlendu hernámi, kynþáttamisrétti og aðskilnaði kynþátta (apartheid);
5. býður ríkjum að gerast aðilar að meðfylgjandi samningi;
6. ákveður að ályktun þessi er felur í sér ákvæði skyld meðfylgjandi samningi skuli ávallt birt ásamt honum.

promotion of friendly relations and co-operation among States created by the commission of such crimes,

Having elaborated for that purpose the provisions contained in the Convention annexed hereto,

1. Adopts the Convention on the Prevention and Punishment of Crimes against Internationally Protected Persons, including Diplomatic Agents, annexed to the present resolution;
2. Re-emphasizes the great importance of the rules of international law concerning the inviolability of and special protection to be afforded to internationally protected persons and the obligations of States in relation thereto;
3. Considers that the annexed Convention will enable States to carry out their obligations more effectively;
4. Recognizes also that the provisions of the annexed Convention could not in any way prejudice the exercise of the legitimate right to self-determination and independence in accordance with the purposes and principles of the Charter of the United Nations and the Declaration on Principles of International Law concerning Friendly Relations and Co-operation among States in accordance with the Charter of the United Nations by peoples struggling against colonialism, alien domination, foreign occupation, racial discrimination and apartheid;
5. Invites States to become parties to the annexed Convention;
6. Decides that the present resolution, whose provisions are related to the annexed Convention, shall always be published together with it.